



Samráðsgátt stjórnvalda, fjármála- og efnahagsráðuneyti

1. október 2021

Umsögn SFF um drög að reglugerð um verðbréfaréttindi

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til draga að reglugerð um verðbréfaréttindi sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda þann 21. september síðastliðinn sem mun sækja stoð sína í 41. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021. Af því tilefni er hér umsögn SFF með athugasemdum samtakanna.

Um 2. gr. Prófnefnd

Í 2. gr. er talað um prófnefnd verðbréfavíðskipta en í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga er notað hugtakið prófnefnd verðbréfaréttinda. Víðar er talað um prófnefnd verðbréfavíðskipta í reglugerðinni þar sem líklegast á að vera prófnefnd verðbréfaréttinda. Þá virðist ranglega vera vísað til 41. töluliðar 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 í 2. gr. en þessi töluliður fjallar um hugtakið móðurfélag.

Um 3. gr. Fyrirkomulag prófa og prófgjöld

Í 3. mgr. 3. gr. segir að ekki sé skylt að halda sérstakt sjúkra- eða upptökupróf í tengslum við próf til öflunar verðbréfaréttinda. Í 1. mgr. segir að ekki sé skylt að halda próf nema að lágmarki tíu þátttakendur hafi skráð sig í próf. Að mati SFF færi betur á því ef tiltekið væri hvaða lágmarksfjöldi þurfi til þess að haldið sé sérstakt sjúkra- eða upptökupróf.

Um 5. gr. Skráning og undanþágur frá töku prófa

Samkvæmt 147. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga veitir ráðherra þeim sem fyrir gildistöku laganna 1. september síðastliðinn höfðu staðist próf í verðbréfavíðskiptum eða hlotið löggilt leyfi til verðbréfamiðlunar, verðbréfaréttindi.

5. gr. reglugerðarinnar virðist hins vegar tiltaka sérstaklega eingöngu þá sem hafa staðist réttindi eða próf utan Íslands (en innan EES). Að mati SFF væri eðlilegt að tiltaka hér sérstaklega að þeir sem hafi staðist próf í verðbréfavíðskiptum hér heima fyrir 1. september síðastliðinn öðlist verðbréfaréttindin og að viðkomandi einstaklingar fá afhenta einhvers konar staðfestingu þess efnis eða réttindabréf. Í því samhengi er rétt að vekja athygli á því að samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, sem öðluðust gildi þann 1. september sl. er sérstaklega kveðið á um að sjóðstjórar skuli hafa verðbréfaréttindi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Bæði lögini tóku gildi 1. september nk. og það er mikilvægt að sjóðstjórar haldi réttindi sínum enda væru rekstrarfélögin öll ella ekki að uppfylla lögini að

minnsta kosti ekki fyrst um sinn. Slík réttindayfifærsla myndi að sjálfsögðu ekki raska kröfum um viðhald menntunar eins og kveðið er á um í reglugerðinni. Það mætti til að mynda hugsa sér á að taka á þessu í sérstöku bráðabirgðaákvæði sem bætt yrði við reglugerðina um þessa yfifærslu réttinda.

Um 8. gr. Endurmenntun vegna verðbréfaréttinda

Í 3. mgr. 8. gr. segir að endurmenntunartímabil þeirra sem öðlast hafa réttindi hefjist 1. janúar árið eftir að þau voru veitt. Svo segir að þeir sem hafa réttindi skuli halda skrá um endurmenntun sína og afhenda prófnefnd verðbréfavíðskipta hana, á því formi sem nefndin ákveður, óski nefndin eftir því. Ekki er tekið á því hvenær endurmenntun þeirra sem nú þegar hafa próf í verðbréfavíðskiptum hefjist. Ef reglugerð um verðbréfaréttindi tekur gildi nú á árinu 2021 mun þá endurmenntunartímabil þeirra sem hafa gamla prófið í verðbréfavíðskiptum hefjast 1. janúar 2022?

Um 9. gr. Hvað telst til endurmenntunar

Í 1. mgr. 9. gr. er talað um að þátttaka í faglegum námskeiðum og ráðstefnum teljist til endurmenntunar. Í 2. mgr. sömu greinar er svo sagt að kennslustörf og fyrirlestrahald á háskólastigi teljist til endurmenntunar. Aðildarfyrirtæki SFF halda iðulega innanhússnámskeið fyrir starfsmenn þar sem ýmist starfsmenn veita öðrum starfsmönnum fræðslu eða utanaðkomandi aðili. Teljast þau námskeið þá ekki til endurmenntunar? Að mati SFF eru innanhússnámskeið afar fagleg, haldin af sérfræðingum oft á tíðum með mikla reynslu og ættu því að falla undir það vera endurmenntun.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,



Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur